

Hjólaskauta aðstaða í Reykjavík

1. Hvað er hjólaskautaat?

- 1.1. Hjólaskautaat er háhraða snertiíþrótt sem við spilum á hjólaskautum (ekki línuskautum). Í meginatriðum gengur íþróttin út á það að safna sem flestum stigum með því að hringa andstæðingana. Við erum mjög vel varin þegar við erum að skauta þar sem það er mikið kontakt í hjólaskautaati. Til þess að mega að æfa íþróttina þarf að klæðast hnéhlífum, olnbogahlífum, úlnliðshlífum, munnvörn og hjálm.


2. Hjólaskautafélagið

- 2.1. Roller Derby Ísland var stofnað á Íslandi árið 2011. Fyrst byrjuðum við að æfa í bílakjöllurum, síðan í go kart höllinni og svo byrjuðu íþróttasalir að leyfa okkur að leigja hjá þeim ári seinna. Árið 2016 fengum við samþykkt íslenskt heiti yfir roller derby, hjólaskautaat. Svo árið 2017 þá breyttist Roller Derby Ísland í Hjólaskautafélagið.

3. Fyrir hvern er hjólaskautaat?

- 3.1. Hjólaskautaat er íþrótt sem gerir ekki eins miklar kröfur til “réttrar líkamsbyggingar” og flestar aðrar íþróttir.
- 3.2. Hjólaskauta samfélagið er mjög opið gagnvart kyni og kyngervi fólks, og er hærra hlutfall hinsegin fólks og transfólks en gengur og gerist í íþróttum.
 - 3.2.1. Hinsegin ungmenni skilar sér síður í skipulagðar íþróttir og tómstundastarf.
 - 3.2.1.1. Hinsegin ungmenni sækja hinar “hefðbundnu” félagsmiðstöðvar illa, en sækja vel félagsmiðstöðina sem rekin er af Samtökunum '78.
- 3.3. Aldursbilið í hjólaskautaati er líka meira en gengur og gerist, hjá okkur eru iðkendur frá 18 upp í 50 ára.
 - 3.3.1. Við erum ekki með starf fyrir yngri en 18 ára vegna aðstöðuleysis.
- 3.4. Fólk sem hefur ekki fundið sig í skipulögðu tómstundastarfi og íþróttum hefur fundið sig í hjólaskautaati.
- 3.5. Við höldum tvisvar á ári nýliðanámskeið þar sem fólk kemur og prófar hjólaskauta og við kennum þeim grunnatriðin. Eftir námskeiðið getur svo fólk skráð sig í félagið ef það líst vel á íþróttina. Þátttakan hefur verið mjög góð en við getum ekki tekið við öllum þar sem við erum með takmarkaðan búnað. Ef við myndum

3.6. Fólk þarf samt ekki að stunda íþróttina til að vera partur af félaginu. Við erum með mörg störf í boði, t.d. að vera dómari á skautum. Einnig er hægt að vera í brautarteymi sem sér um að halda utan um alla tölfræði, taka tíma, manna refsibekkina og margt fleira.



- 5.1. Við erum tilbúin að halda junior derby mót á sumrin fyrir allan aldur til 17 ára.
- 5.2. Ef það er nógu mikill áhugi þá er möguleiki að við byrja með heilsársnámskeið þar sem við getum kennt krökkum eftir skóla.
- 5.3. En þar sem við erum ekki með fast húsnæði og búnaðarleigu þá getum við ekki haldið junior derby námskeið.

6. Hvað mun þessi Hjólaskautahöll gera fyrir Hjólaskautafélagið?

- 6.1. Þessi höll mun hjálpa okkur að vera sýnilegri á Íslandi. Það eru mjög margir á Íslandi sem vita ekki ennþá hvað hjólaskautaat er.
- 6.2. Við höfum verið í miklum vandræðum yfir að finna húsnæði fyrir okkur til að æfa í. Margir eru með fordóma yfir hjólaskautunum og segja að þeir rispi gólfir en það er bara ekki satt. Við erum ekki með neitt fast húsnæði og erum því með frekar óhentuga æfingatíma.
- 6.3. Inntaka nýliða yrði betri, því lélegir æfingatímar fæla fólk frá
- 6.4. Búnaðarleigan mun hjálpa okkur mikið að fá nýtt fólk í íþróttina. Bæði fyrir 18+ og junior derby.

7. Framtíðarsýnin

- 7.1. **1 ár.** Vera komin inn í ÍSÍ, ÍBR og WFTDA.
Vera komin með betri æfingatíma og aðstöðu, það myndi hjálpa rosalega við nýliðun í íþróttinni. Meiri nýliðun myndi auka sýnileika hjólaskautaats á Ísland
 - 7.1.1. WFTDA (Women's Flat Track Derby Association) eru alþjóðasamtök hjólaskautsliða. Með inngöngu í samtökin gerir það okkur auðveldara að laða að erlend lið til Íslands til að keppa við okkur, einnig mun það lokka til okkar reynda dómara til að dæma leikina og á sama tíma myndu dómarar okkar fá heilmikla reynslu frá þeim.
 - 7.1.2. Aðgangur að WFTDA hjálpar okkur að stækka sem félag með því að fá styrki til keppnisferða, námskeiða og almennrar þjálfunar.
- 7.2. **2 ár.** Vera byrjuð á einhverskonar grunni fyrir junior derby.
 - 7.2.1. Halda helgarmót, þar sem væru jafnvel 4-5 lið sem kæmu hingað til lands, áhuginn er til staðar, en aðstöðuleysið hrjáir okkur.
- 7.3. **3 ár.** Vera komin með nógu mikinn mannskap til að manna tvö lið, það myndi verða til þess að allir iðkendur á Íslandi fengu meiri reynslu við að spila hjólaskautaat, það myndi auka sýnileikann á íþróttinni.
 - 7.3.1. Vera komin með heilsársstarf fyrir yngri flokka starf.
- 7.4. **5 ár.** Vera komin með okkar heimavöll og afdrep, sem myndi þá hjálpa íþróttinni að stækka ennþá meira

8. Hvað er hægt að nota Hjólaskautahöllina í annað en hjólaskauta?

- 8.1. Ef höllin væri nálægt skóla, þá gætu skólar notað salinn undir íþróttatíma á hefðbundnum skólatíma.
- 8.2. Hægt er að leigja út tíma fyrir almenning, bæði fyrir hópa sem vilja spila fótbolta/körfubolta/eitthvað annað og almenningstímar á skautum.
 - 8.2.1. En Hjólaskautafélagið væri aðal leigjandinn og myndi stjórna því hvenær æfingátímarnir okkar væru (og leikir).
- 8.3. Eina krafan á leigjendum er sú að það væri ekki búnaður eða efni sem hamla því að hægt er að skauta vel á gólfinu, eins og t.d. harpíx.

9. Hvernig græðir borgin á þessu?

- 9.1. Fjölbreyttara íþrótt og tómstundastarf.
- 9.2. Börn og ungmenni sem finna sig ekki í skipulögðum íþróttum og tómstundum er rosa erfiður og þungur hópur fyrir borgina.

10. Team Iceland

- 10.1. Á Íslandi er starfrækt landslið í hjólaskautaati, æfingar landsliðsins koma niður á hinum sem stunda hjólaskautaát, því að fyrir mót fara æfingarnar undir þjálfun landsliðsins.
- 10.2. Landsliðið hefur tvívegis farið erlendis á stórmót. Árið 2016 fór liðið á evrópumeistaramótið sem haldið var í Belgíu og í ársbyrjun 2018 hélt liðið svo til Englands og tók þátt á heimsmeistaramótinu, en þar kepptu 38 lið allstaðar af úr heiminum.